



Stekkarstaur heimsækir Þjóðminjasafnið í dag.

# Jólasveinar heim- sækja Þjóðminjasafnið

Gömlu íslensku jólasveinarnir byrja að tínast til byggða í dag. Stekkjarstaur kemur fyrstur. Hann mun heimsækja Þjóðminjasafnið í dag kl. 14. Þar verður fjöldi barna sem ætla að taka á móti sveinka. Þar á meðal verður barnakór Ríma-skóla í Grafarvogi sem ætla að syngja nokkur lög.

Jólasveinarnir koma síðan einn af öðrum í safnið kl. 14 alla daga til jóla í þessari röð: Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottaskefill, Askasleikir, Hurða-

skellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttafeyr og Kjót-krókur. Kertasníkir kemur síðan síðastur á aðfangadag kl. 11. Þess er vænst að fólk fjölmenni til að taka á móti þessum séríslensku jólavættum. Eftir heimsóknina á Þjóðminjasafnið munu jólasveinarnir leggja leið sína í Kringluna til að hitta fólk í jólaösinni. Þess má geta að Þjóðminjasafnið hefur fyrir tilmæli að standenda heyrnarlausra fengið táknmálstúlk til þess að vera í safniinu mánudaginn 15. desember.



Kammersveit Reykjavíkur.

## Jóla- tónar Kristjáns

og 21 á sunnudag, fjórðu í Halli kl. 20 á þriðjudaginn og þeir í Grímskirkju kl. 20 á fimmtudag-  
er á alla tónleikana.

Mótettukór Hallgrímskirkju, Hljómskálakvin-  
tettinn og Douglas A. Broutchie.

Miðasala er í Máli og menningu við Lauga-  
veg.

## Um lífsins helgidóma

Kammersveit Reykjavíkur heldur  
jólátónleika í Áskirkju á sunnudaginn  
kl. 17.

Flutt verða verk þriggja meistara  
barokktímans, Telemanns, Geminanis  
og Bachs.

Verkin eftir Telemann eru tveir  
konsertar, konsert nr. 1 í D-dúr fyrir  
trompet og kammersveit og konsert í  
D-dúr fyrir fiölu, trompet og kammer-  
sveit. Einleikarar í þessum verkum  
eru Ásgeir H. Steingrímsson trompet-  
leikari og Unnur María Ingólfsdóttir  
fiöluleikari.

Verkin eftir Geminiani eru tvö  
Concerti grossi, hið fyrra í e-moll op.  
3 en hið síðara í d-moll.

Þekktasta verk efniskrárinnar á  
þessum jólátónleikum er án efa fiölu-  
konsert í e-dúr eftir Johann Sebastian  
Bach. Einleikari er Rut Ingólfsdóttir.

Miðasala verður við innganginn.  
Geisladiskur kammersveitarinnar  
„Jólátónleikar“ verður til sölu á til-  
boðsverði á tónleikunum.

### SÝNINGAR

**Dada, Kirkjutorgi 4.** Sýning á nú-  
tímalist eftir 30 listamenn. Opíð  
12–18 virka daga, 12–16 ld. til jóla.

**Djúpið, Hafnarstræti 15.** Inga Sól-  
veig og Valtýr Þórðarson sýna ljós-  
myndir. Opíð daglega milli kl. 11 og  
23.30 til 24. des.

**Flugstöð Leifs Eiríkssonar.** Kynn-  
ing á verkum Margrétar Sveinsdótt-  
ur til 5. janúar.

**Gallerí Hornið, Hafnarstræti 15.**  
Bjarni Þór Bjarnason með einkasýn-  
ingu. Opíð alla daga kl. 11–23.30 til  
23. desember.

**Gallerí Ingólfsstræti 8, Reykja-  
vík.** Toon Michiels sýnir rósir til 14.  
des.

**Gallerí Listakot, Laugavegi 70.**  
Jólasýning 14 listakvenna þar sem  
jólalæðborð Íslendinga er viðfangs-  
efnið. Opíð eftir opnunartíma versl-  
ana.

**Gallerí Regnbogans, Hverfisgötu  
54.** Sýning á verkum Sigurðar Ör-  
lygssonar er opin virka daga frá kl.  
16–24 og 14–24 um helgar.

**Gallerí Sýnirými við Vatnsstíg.**  
André Tribbensee með sýningu. Gall-  
erí Barmur: Ráðhildur Ingadóttir.  
Gallerí Hlust: Gunnar Magnús Andr-  
ésson, sími Gallerí Hlustar er 551  
4348. Í 20 m², Vesturgötu 10A, stend-  
ur yfir sýning Gabrielu til 14. des. og  
er opíð kl. 15–18 frá miðvikudegi til  
sunnudags.

**Gerðuberg.** Sýning Valdimars  
Bjarnfreðssonar (V. Vapen). Sýning  
Ragnars Erlendssonar til 9. febr.  
1998. Opíð mán.–fim. 10–21;  
fös.–sun. 12–16.

**Hafnarborg, Hafnarfirði.** Sýning á  
verkum Brians Pilkingtons stendur  
til 23. desember. Sýning á skartgrip-  
um til 23. des. Opíð 12–18 nema  
þriðj.

**Hallgrímskirkja.** Málverk Daða  
Guðbjörnssonar prýða kirkjuna á að-  
ventunni og um jólin. Kirkjan er opin  
almenningi alla daga vikunnar frá  
kl. 10–18.

**International Gallery of Snorri  
Ásmundsson, Akureyri.** „To Hell  
with All of Us“. Opíð frá kl. 14–18  
alla daga.

**Kjarvalsstaðir við Flókagötu.** Í  
austursal eru verk eftir Kjarval til  
áramóta. Í öðrum sölum: Ný aðföng.  
Opíð kl. 10–18 alla daga.

**Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi.**  
Sýning á úrvali úr dánargjöf Gunn-  
laugs Schevings í öllum sölum safns-  
ins til 21. des. Í fyrirlestrasal verður  
sýnd sjónvarpsmynd um Gunnlaug  
frá 1992. Opíð alla daga nema mán.  
11–17.

**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn.**  
Guðný Magnúsdóttir sýnir leirlist á  
neðri hæð. Á efri hæð: Ný aðföng.  
Opíð alla daga nema mán. frá kl.  
12–18 til 21. desember.

**Listasafnið á Akureyri.** Sýning á  
verkum listahópsins CREW CUT,  
„(un)blin“.

**Listhús 39, Hafnarfirði.** Gunnar Í.  
Guðjónsson sýnir verk sín. Opíð  
virka daga kl. 10–18, ld. 12–18 og sd.  
14–18.

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,  
Laugarnesi.** Sýning á 27 völdum  
verkum eftir Sigurjón. Opíð alla daga  
nema mánudaga frá kl. 14–17.

**Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg 5.**  
Sýning á verkum Harris Syrjánens.  
Opíð mán.–fös. frá kl. 10–18 og lau.  
frá kl. 11–14.

**Norræna húsið.** Sýningin „Ísland“,  
skartgripir eftir sjö unga hönnuði  
sem kalla sig G7, er í anddyri. Opíð  
9–18 nema sunnud. 12–18 út des-  
ember.

**Nýlistasafnið.** Gestur er að þessu  
sinni Rúna Gísladóttir listmálari.  
Opíð alla daga frá kl. 14–18 nema  
mánudaga til 14. desember.

**Stöðlakot, Bókhöfustíg 6.** „Vetr-  
arbirta“, leirmunir eftir Bjarnheiði  
Jóhannsdóttur. Opíð daglega frá kl.  
14–18 og lýkur 21. desember.

**Þjóðminjasafn Íslands.** Sérstök  
sýning um þróun jólagjafa og jóla-  
auglýsinga í hundrað ár. Sýningin  
verður opin alla daga fram að jólum  
frá kl. 12–17 nema 8. og 10. desem-  
ber.

**Gallerí Ramma og mynda,**  
Kirkjubraut 17, Akranesi. Guðjón  
Ólafsson með sýningu á 70 teikning-  
um af húsum á Akranesi.

**Safnhúsið, Borgarnesi.** Bjarni Þór  
Bjarnason sýnir málverk. Opíð virka  
daga 14–18 til 15. desember.

**Hótel Höfði, Ólafsvík.** Sýning á  
samtímalist eftir fjölda íslenskra  
listamanna.

**Café Menning, Dalvík.** Sýning á  
verkum Þorfinns Sigurgeirssonar.

**Deiglan, Kaupvangsstræti 23,  
Akureyri.** Laugardaginn 13. desem-  
ber kl. 16 verður opnuð samsýning 6  
listamanna. Sýningin stendur til 23.  
desember. Allir velkomnir.

**Lónið á Þórshöfn.** Freyja Ónundar-  
dóttir sýnir verk sín í anddyri.

**Kaffi Lefollí.** Eggert Kristinsson  
sýnir málverk á Kaffi Lefollí á Eyra-  
bakka.

**Það eru 19 kvöld til  
áramóta**

**Wild**

**um áramótin**